



Dalabyggð

Minnisblað - 2003004

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Starf vinnuhóps vegna sameiningar sveitarfélaga.*

Dags.: 13.5.2020

Vinnuhóp skipa Eyjólfur Ingvi Bjarnason oddviti, Skúli Guðbjörnsson formaður byggðarráðs og Kristján Sturluson sveitarstjóri. Með hópnum starfar Jóhanna María Sigmundsdóttir verkefnastjóri.

- 17. apríl fundaði hópurinn til að ræða næstu skref.
- 22. apríl funduðu Kristján og Jóhanna með Páli Brynjarssyni og Vífli Karlssyni hjá SSV.
- 24. apríl fundaði hópurinn með Stykkishólmi.
- 28. apríl fundaði hópurinn með Húnaþingi vestra.

Fyrstu skref voru að ræða við SSV og stofna til samvinnu við þá til að sækja um styrk vegna könnunar á sameiningarkostum (valkostagreining) fyrir Dalabyggð.

Í slíkri könnun er m.a. farið yfir með hverjum er verið að vinna í dag, hver er staða sveitarfélaganna og hvernig þjónusta gæti breytast/þróast.

SSV hóf vinnu við umsókn til Jöfnunarsjóðs um styrkinn og skilaði frá sér drögum að umsókn í Jöfnunarsjóð 11. maí sl.

Á fundum með sveitarfélögum var rætt um að þessi vinna væri til að hafa tímann fyrir sér og geta unnið málið betur.

Í sameiningu væri verið að horfa til að sameina stjórnsýsluna, sveitarfélögin gætu haldið áfram í sín einkenni og menningu.

Vilji Dalabyggðar er að horfa ekki til of smárra eininga sem gætu kallað á frekari sameiningu innan fárra ára eða standa ekki undir sameiningu.

Fyrsta skrefið væri að gera könnun, þar þarf að skoða sameinað sveitarfélaga út frá rekstrarhæfni. Hvort hægt sé að halda úti ákveðinni þjónustu, dreifingu hennar og hvort rekstur þjónustustöðva standi undir sér fyrir svæðið, hvar er styrkurinn í samnýtingu þjónustu.

Einnig á sveitarfélagið að geta staðið undir ákveðinni þjónustu og þurfa ekki að vera kaupa þá þjónustu annars staðar frá.

Hverjir eru sameiginlegir hagsmunir þeirra sveitarfélaga sem gætu sameinast s.s. í samgöngum, þjónustu og samlegðaráhrifum atvinnugreina.